

Framhaldsskólinn á Laugum

Sjálfsmatsskýrsla

2012-2013



FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

**Hallur Birkir Reynisson
og Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir**

Efnisyfirlit

- 1.0 Inngangur
- 2.0 Markmið og matsaðferðir
 - 2.1 Nemendur
 - 2.2 Nám
 - 2.3 Kennsla
 - 2.4 Stjórnun
 - 2.5 Samstarf við aðra
- 3.0 Sjálfsmat 2012–2013
 - 3.1 Nemendur – ástundun og líðan
 - 3.2 Nám - námsárangur
 - 3.3 Kennsla - starfsandi og fagmennska
 - 3.4 Stjórnun - umfang skólastarfs
 - 3.5 Samstarf við aðra
- 4.0 Sérstakar áherslur í sjálfsmati 2012-2013
 - 4.1 Kennsluaðferðir
 - 4.2 Upplýsingatækni
 - 4.3 Vinnustofur
- 5.0 Eftirfylgni sjálfsmats

Fylgiskjöl

- 1 Nemendakönnun
- 2 Kennarakönnun
- 3 Umræðupunktur um vinnustofur á starfsdögum

1.0 Inngangur

Til lengri tíma litið er reynt að láta sjálfsmatið spanna sem flesta og víðtækasta þætti skólstarfs, s.s. yfirstjórn, fagmennsku, aðbúnað, námsumgjörð, þjónustu við nemendur, foreldrasamstarf, árangur nemenda og traust samstarfsaðila.

Í kafla 2 eru matsþættir flokkaðir, sett fram markmið og útskýrðar aðferðir við að meta hvort þeim hafi verið náð. Þau verkfæri sem nota á við öflun upplýsinga á hverju ári eru tölulegar upplýsingar úr skólaskráningarkerfinu INNU, nemendakannanir, starfsmannakannanir, vinnufundir starfsmanna, foreldrakannanir, matsfundir með starfsmönnum og nemendum auk utanaðkomandi skoðunar.

Kafla 3 fjallar um það sjálfsmat sem fram fór á skólaárinu 2012-2013 í tengslum við markmið úr kafla 2. Þar er greint frá niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru.

Á hverju ári er lögð áhersla á eitthvað ákveðið atriði og það skoðað eins nákvæmlega og hægt er. Á hverri önn er kennslan metin, jafnt fagtimar sem vinnustofur. Þar sem við erum að vinna við þróun á kennsluumhverfi var sérstök áhersla á vinnustofur, upplýsingatækni, kennsluaðferðir og endurmenntun kennara á skólaárinu 2012-2013.

Kafla 4 fjallar aðra þætti sjálfsmats á skólaárinu.

Við vinnslu sjálfsmats er stuðst við tölulegar upplýsingar úr skólaskráningarkerfinu INNU. Einnig var skrifleg könnun lögð fyrir nemendur í vinnustofutíma þann 18. apríl. 47 af þeim 81 nemendanda sem skráðir voru í tímann svöruðu, eða 58%. Niðurstöður könnunarinnar eru í fylgiskjali 1. Svipuð könnun var lögð fyrir kennara þann 26. apríl. Svör bárust frá öllum kennurum, þ.e. 100% svarhlutfall. Niðurstöður þeirrar könnunar eru í fylgiskjali 2. Auk þess eru áherslupunktur frá starfsdegi kennara þann 17. maí í fylgiskjali 3.

Sjálfsmatsáætlun er alltaf til staðar til þriggja ára. Veturinn 2012-2013 var áherslan á að skoða kennsluaðferðir, upplýsingatækni og endurmenntun kennara. Aðaláhersluatriði skólaársins 2013-2014 eru ástundun og árangur nemenda. Aðaláhersluatriði skólaársins 2014-2015 eru kynningarmál skólans og stjórnun hans. Skólaárið 2015-2016 er ástundun og árangur nemenda í nýrri námskrá til skoðunar.

2.0 Markmið og matsaðferðir

Veturinn 2011-2012 var sjálfsmatskerfið endurskoðað og stefnt að því að setja það í meira samhengi við fagleg markmið skólstarfs í skólasamningi. Hér eru taldir upp þættir sem meta á, greint frá markmiðum og útskýrðar aðferðir við að mæla þau. Sumir þættir voru skoðaðir í þessari skýrslu, aðrir verða metnar síðar.

2.1 Nemendur

Meginmarkmið I

Að bæta ástundun nemenda

Deilimarkmið

- Að bæta mætingu nemenda sem hefur verið að meðaltali 79% í 84%
- Að draga úr brottfalli úr áföngum sem hefur verið 6% í 5%

Matsaðferð: Tölfræðilegar niðurstöður úr INNU – Fjarvistaskráning

Meginmarkmið II

Að nemendum líði vel í skólanum

Deilimarkmið

- Að kannanir leiði í ljós að núverandi markmið um að yfir 90 % nemenda líði vel í skólanum haldi eða aukist
- Að nemendur hafi daglegan aðgang að námsráðgjafa og reglulegan aðgang að heilbrigðisþjónustu og sálfræðingi
- Að tekið sé tillit til nemenda með geðraskanir, þroskafrávik og sértæka námsörðugleika

Matsaðferð: Könnun meðal nemenda og forráðamanna

Meginmarkmið III

Að skólinn uppfylli lög um fræðluskyldu

Deilimarkmið

- Að skólinn taki við nemendum sem rétt eiga á fræðslu, hvernig svo sem undirbúningi þeirra úr grunnskóla er háttað

Matsaðferð: Könnun

2.2 Nám

Meginmarkmið I

Skólinn leggur áherslu á að boðið sé upp á fjölbreytt úrval námsbrauta

Deilimarkmið

- Að boðið sé upp á nám á tveimur stúdentsbrautum, félagsfræðibraut og náttúrufræðibraut, tveimur starfsbrautum, íþróttabraut og ferðamálabraut og á almennri námsbraut og að í útstöð skólans á Þórshöfn sé boðið uppá 1. árs nám í framhaldsskóla og nám á almennri braut

Matsaðferð: Könnun

Meginmarkmið II

Að þróunarverkefni skólans undanfarin ár sé fasti í skólastarfinu og leiðarstjarna næstu ára

Deilimarkmið

- Að auka ábyrgð nemenda á eigin námi

Matsaðferð: Könnun meðal nemenda og kennara, ásamt úttekt utanaðkomandi fagaðila

- Að bæta námsárangur nemenda þannig að meðaleinkunn nemenda hækki úr 7.1 í 7.5 fram til ársins 2014

Matsaðferð: Tölfræðilegar niðurstöður úr INNU – Einkunnayfirlit

- Að búa nemendum námsumhverfi sem undirbýr þá enn betur undir þátttöku í atvinnulífi og fyrir frekara nám

Matsaðferð: Könnun

- Að vinnudagur nemenda sé samfelldur

Matsaðferð: Stundaskrár nemenda

Meginmarkmið III

Að ný framhaldsskólalög verði að fullu gengin í gildi árið 2014 ,

Deilimarkmið

- Að verkefnastjórn þróunarverkefnis leiði þá vinnu í samræmi við stefnumótun í fylgiskjali.

2.3 Kennsla

Meginmarkmið I

Að skólinn hafi yfir að ráða hæfum og vel menntuðum kennurum og starfsfólki

Deilimarkmið

- Að kennarar skólans séu að lágmarki með BA eða BS. gráðu og kennslu-og uppeldisfræðimenntun

Matsaðferð: Könnun meðal starfsmanna og prófgögn starfsmanna

Meginmarkmið II

Að skólinn styðji starfsmenn með þeim hætti sem honum er kleyft að leita sér endurmenntunar, sem styrkir starfsemi skólans

Deilimarkmið

- Að hvetja starfsmenn til að sækja námskeið sem fagfélög þeirra halda
- Að ýta undir að starfsmenn sækji sér viðbótarnámsgráðu, s.s. mastersgráðu

Matsaðferð: Könnun, stofnanasamningur

Meginmarkmið III

Kennarar meti nám nemenda í samræmi við stefnu skólans

Deilimarkmið

- Að námsmat sé persónubundið
- Að námsmat sé framkvæmt með fjölbreyttum hætti

Matsaðferð: Könnun

2.4 Stjórnun

Meginmarkmið

Stjórnandi gæti þess að skólastarf sé í samræmi við lög og reglugerðir um framhaldsskóla

Meginmarkmið I

Þróunar og umbótastarf skólans sé virkt og skili árangri

Deilimarkmið

- Að mat á innra starfi skólans haldist í hendur við umbótastarf hans og þróunarstarf
- Að stjórnendur virki starfsmenn og gefi þeim kost á taka þátt í að móta stefnu fyrir skólann.

Meginmarkmið II

Að skólinn keppi að því að verða viðurkenndur sem heilsueflandi framhaldsskóli.

Deilimarkmið

- Að skólinn verði viðurkenndur sem heilsueflandi framhaldsskóli eigi síðar en árið 2014

2.5 Samstarf við aðra

Meginmarkmið I

Samstarf við grunn- og leikskóla í sveitarfélaginu

Deilimarkmið

- Að nemendur í 10. bekk sem hafa burði til geti stundað nám í einstökum áföngum við skólann

Meginmarkmið II

Samstarf við Umf. Eflingu


Deilimarkmið

- Að nemendur íþróttabrautar taki að sér þjálfun og kennslu grunn- og leikskólanema á svæðinu, í umsjón Umf. Eflingar, í verklegum þætti náms síns
- Að nemendum skólans sé árlega gefinn kostur á þátttöku í uppsetningu á leiksýningu með leikdeild Eflingar og það sé metið sem valgrein

3.0 Sjálfsmat 2012–2013

3.1 Nemendur – ástundun og líðan

Meginmarkmið I varðandi nemendur er að bæta ástundun þeirra. Skráð mæting tekur tillit til fjarvista vegna veikinda og leyfa. Safnað var gögnum frá árinu 2008 til að gera samanburð um þróun mætingar. Á myndunum má sjá þróun raunmætingar þar sem ekki er tekið tillit til veikinda og leyfa.




Deilimarkmið er að bæta mætingu nemenda sem hefur verið að meðaltali 79% í 84%. Eins og fram kemur á myndinni sker vorönn 2013 sig töluvert úr varðandi mætingu, en hún mælist einungis 72,1% sem hlýtur að teljast óviðunandi.

Í febrúar 2013 var ljóst að stefndi í óefni varðandi mætingar nemenda sem var þá um 68,3%. Þá var gripið til þeirra aðgerða að setja tímabundnar mætingarreglur. Gengu þær út á að gerð var úttekt á mætingum nemenda á tveggja vikna fresti og þeir sem ekki náðu 85% mætingu urðu að skrá sig úr einum áfanga. Þessar aðgerðir urðu til þess að mætingar nemenda bötnuðu og voru um 74,6% það sem eftir var annar.

Meginmarkmið II varðandi nemendur er að þeim líði vel í skólanum. *Deilimarkmið* þar er að kannanir leiði í ljós að núverandi markmið um að yfir 90% nemenda líði vel í skólanum haldi eða aukist. Nemendakönnun leiddi í ljós að 75% nemenda líður mjög vel eða frekar vel í skólanum (72% í vinnustofum, 71% í fag tímum og 83% eftir skóla og á kvöldin). Það er því sýnt að hér náum við ekki því markmiði að yfir 90% nemenda líði vel í skólanum. Mikilvægt er að þessum þætti verði gefinn sérstakur gaumur strax á næsta skólaári.

3.2 Nám - námsárangur

Meginmarkmið II varðandi nám er að þróunarverkefni skólans undanfarin 4 ár sé fasti í skólastarfinu og leiðarstjarna næstu ára. *Deilimarkmið* er að bæta námsárangur nemenda þannig að meðaleinkunn þeirra hækki úr 7.1 í 7.5 á næstu árunum 2011-2012 og 2012-2013.



Eins og fram kemur á myndriti er meðaleinkunn haustannar 2012 6,5 og vorannar 2013 6,2. Þetta er töluverð lækkun frá fyrra ári og langt frá því að ná því markmiði sem sett var. Draga má þá ályktun að hér haldist í hendur verri mæting og lakari námsárangur.

Meginmarkmið III miðar að því að ný framhaldsskólalög verði að fullu gengin í gildi árið 2014. Þar er *deilimarkmið* að verkefnastjórn þróunarverkefnis leiði þá vinnu í samræmi við stefnumótun. Verkefnastjórn hefur á skólaárinu 2012-2013 unnið að vinnu við stefnumótun og almennan hluta nýrrar námskrár. Einnig hafa allir kennarar tekið þátt í vinnu við að móta og skrifa áfangaalýsingar fyrir nýja námskrá undir stjórn skólastjórna. Þessari vinnu verður haldið áfram næsta skólaár, því þó vinnan sé vel á veg komin er ennþá þó nokkuð langt í land með að henni sé lokið. Áætlanir nú gera ráð fyrir því að byrja með nokkra tilraunaáfanga á 1. ári haustið 2013, og að hægt verði að hefja kennslu og skólastarf samkvæmt nýrri námskrá haustið 2014. Vætanlega mun þó þurfa að fylgja eldri námskrá að einhverju leyti það skólaár vegna nemenda á efri árum.

3.3 Kennsla - starfsandi og fagmennska

Meginmarkmið II varðandi kennslu er að skólinn styðji starfsmenn með þeim hætti sem honum er kleyft að leita sér endurmenntunar, sem styrkir starfsemi skólans. *Deilimarkmið* er að hvetja starfsmenn til að sækja námskeið sem fagfélög þeirra halda og að ýta undir að starfsmenn sækji sér viðbótarnámsgráðu, s.s.marstersgráðu. Könnun meðal kennara leiddi í ljós að meirihluti kennara telja að stofnunin hvetji þá stundum eða sjaldan til að afla sér endurmenntunar.



Mun fleiri, eða 72% kennara, telja að stofnunin taki alltaf eða oftast tillit til þarfa eða óska kennara vegna endurmenntunar.

3.4 Stjórnun - umfang skólastarfs

Á skólaárinu 2012-2013 var ekki lagt mat á stjórnun sérstaklega. Gert er ráð fyrir að aðaláhersluatriði sjálfsmats 2014-2015 lúti að stjórnun.

3.5 Samstarf við aðra

Þessi þáttur var ekki tekin fyrir í sjálfsmatinu þetta skólaárið.


4.0 Sérstakar áherslur í sjálfsmati 2012-2013

Skólaárið 2012-2013 var lögð sérstök áhersla á að meta fjölbreyttni kennsluaðferða, upplýsingatækni og endurmenntun kennara. Þar sem vinnustofur eru stór þáttur í námi nemenda er alltaf nokkuð mikil athygli á þeim þætti líka.

4.1 Kennsluaðferðir

Í kennarakönnuninni frá 26. apríl voru kennarar m.a. spurðir hvernig kennsluefni þeir nota, hversu fjölbreyttar kennsluaðferðir þeir nota í fag tímum og hvers þeir vænta af nemendum í vinnustofum.

Fram kemur að kennsluefnið er fjölbreytt, mest er stuðst við kennslubækur og vísað í efni á Netinu. Minnst nota kennarar hljóðglærur og gagnvirkt efni af Netinu. Sjá eftirfarandi myndrit.




Þegar kemur að því hverskonar kennsluaðferðir kennarar nota í fag tímum er fjölbreyttin og dreifingin nokkuð mikil. Þær aðferðir sem kennarar nota mjög eða frekar mikið í fag tímum eru fyrirlestrar og innlögn kennara, umræður/samræður, verkefnavinna í fag tímum, einstaklingsvinna og hópavinna/samvinna. Dreifingin er nokkuð jöfn þegar kom að munnlegri framsetningu nemenda, skapandi vinnu og kaflaprófum. Sjaldnar nota kennarar kvikmyndir, verklegar æfingar, lestur, ritgerðarvinnu og lokapróf í fag tímum.

Kennarar voru einnig spurðir að því hvaða verkefnum nemendur ættu að sinna í vinnustofum í þeirra

fögum. Þar kemur fram að einstaklingsvinna og verkefnavinna eru mest áberandi, en einnig upplýsingaöflun á Netinu, lestur og hópavinna. Sjaldnast er þess vænst af nemendum að þeir horfi á kvikmyndir, leysi verklegar æfingar eða taki kaflapróf/heimapróf í vinnustofum.

Kennarar voru einnig yntir eftir því hvort þeir hafi tök á því að nota þær kennsluaðferðir sem þeir helst kjósa.




Þegar spurt var hvað hamlaði því að kennarar geti notað þær kennsluaðferðir sem þeir mundu helst kjósa nefndu þeir m.a. skort á tíma með nemendum (5), skort á tækjum/verkfærum (4), skort á tíma til undirbúnings (3) og of fáa nemendur (2).

4.2 Upplýsingatækni


Fram kemur í kennarakönnun að lang flestir kennarar eru ánægðir með þann tölvukost sem þeir hafa til notkunar og þá þjónustu sem Advania veitir. Mikill meirihluti þeirra telur Moodle nýtast þeim vel við að skipuleggja kennsluna.

Hvað varðar það hvernig kennarar nýta sér Moodle kemur eftirfarandi fram:



Þessi mynd sýnir að kennarar eru almennt að nota Moodle til að birta kennsluáætlanir, viku-/kaflaáætlanir, verkefni og eru með einkunnabókina þar inni. Athygli vekur hversu lítið kennarar nýta sér þann kost að vera með gagnvirk verkefni inni Moodle.

Nemendur voru spurðir að því hversu oft þeir færu inn á Moodle og INNU.



Hér kemur í ljós að lang flestir nemendur eru mjög duglegir að nýta sér þessi forrit. 66% nemenda fara einu sinni á dag eða oftar inn í INNU. 91% nemenda fara að meðaltali einu sinni á dag eða oftar. Það má því draga þá ályktun að þessi tvö forrit nýtist nemendum mjög vel til þess að fylgjast með og sinna sínu námi.

4.3 Vinnustofur

Nemendakönnun:

Þegar nemendur voru spurðir að því hvort þeim þætti ástæða til að breyta einhverju í tengslum við vinnustofur komu ekki fram afgerandi skoðanir. Rúmur þriðjungur nemenda (17) töldu að engu þyrfti að breyta, en aðrir bentu á skráningu mætinga, að kennarar gætu aðstoðað meira og haldið aga og gott væri að fá fleiri heimasvæði. Nemendur eru oftast jákvæðir í garð vinnustofa, eins og þetta svar sýnir: "... vinnustofurnar eru algjör snilld, það er miklu einfaldara að skipuleggja námið sitt í vinnustofum, t.d. ef mér gengi vel í íslensku en illa í stærðfræði þá læri ég frekar í henni. Ef vinnustofurnar væru lagðar niður þá gæti ég ekki einbeitt mér einungis að stærðfræðinni. Þetta kerfi er algjör snilld." Aðrir sjá ekki eins mikinn tilgang með vinnustofunum: "Ég nota vinnustofur aldrei til að læra því mér finnst betra að vera uppi í herbergi, það er aldrei friður í vinnustofum."

Um hlutverk kennara í vinnustofu var meirihlutinn sammála um að það ætti að felast í því að vera til staðar og aðstoða nemendur við námið. U.þ.b. helmingur þeirra sem nefndi þetta atriði tók þó fram að þetta ætti einungis við ef nemendur óskuðu sjálfir eftir aðstoð. Sem dæmi er þetta svar nemanda: "Mundi vilja að kennarar væru strangari í vinnustofum. Að vísu er það auðvitað pirrandi fyrir báða aðila en á hinn bóginn hefði það mjög góð áhrif á nám nemendanna og mundi leiða til betri árangurs. Alla vega í mínu tilfalli, alltaf ef ég get klárað eitthvað í vst þá jafngildir það góðri einkunn."

Um þriðjungur nemenda nefndi að hlutverk kennara væri að halda aga og skapa vinnufrið.


Í svörum nemenda kemur fram að 75% þeirra telja vinnustofurnar nýtast þeim mjög eða frekar vel til náms. Það eru einnig einungis 53% sem finnst vinnufriður í vinnustofum alltaf eða oftast góður. Beina þarf athyglinni að því hvernig bæta megi vinnufrið og einnig að þeim 25% nemenda sem telja vinnustofurnar ekki nýtast sér vel til náms.

Kennarakönnun:

Í kennarakönnuninni kemur fram að kennarar eru ekki allskostar sáttir við vinnustofurnar eins og þær voru í vetur. Meðal annars vekur athygli að einungis 58% kennara líður mjög eða frekar vel í vinnustofum og er það vísbending um að þar þurfi að grípa til aðgerða.



Eins kemur í ljós að kennarar eru langt frá því að vera ánægðir með ástundun nemenda í vinnustofum.



Niðurstöður úr þessum tveimur spurningum hljóta að kalla á viðbrögð og að gripið verði til einhverra aðgerða varðandi vinnustofur.

Aðalniðurstaðan úr kennarakönnun er að hlutverk kennara í vinnustofum sé að aðstoða, kenna og leiðbeina nemendum og sjá til þess að það sé vinnufriður. Það kemur skýrt fram, bæði í könnunni sem lögð var fyrir kennara og úr umræðum á vinnudögum, að kennarar telja mikilvægt að hafa samræmd viðmið um hlutverk kennara í vinnustofum, einhverjar reglur þurfi að gilda sem bæði kennarar og nemendur eru meðvitaðir um. Einnig sé mikilvægt fyrir kennara að hafa úrræði til þess að bregðast við ef nemendur eru ekki að sinna náminu í vinnustofum. Hægt sé að nýta tíma allra betur. Annað sem fram kemur er t.d. að kennarar eigi að “hvetja”, “skapa vinnustemmningu” og “vera gott fordæmi”.

Á umræðufundi á starfsdögum í maí 2013 var m.a. rætt um hvaða tækifæri og verkfæri skólinn og kennarar hefðu til þess að bæta vinnustofurnar. Rauði þráðurinn í þeirri umræðu var að breyta þyrfti VIÐHORFUM. Mikilvægt sé að kenna nemendum að nýta vinnustofurnar, og þá sérstaklega horft til 1. árs nema. Möguleikar til þess eru m.a. í Brunni. Þar má nefna námstækni, lífsleikni, í vinnustofutímum sjálfum og í leiðsagnartímum.

5.0 Eftirfylgni sjálfsmats

Haustið 2013 þarf að fara í aðgerðir til þess að bæta ástundun og árangur nemenda með því t.d. að endurskoða viðbrögð og eftirfylgni varðandi mætingar nemenda. Setja fram skriflegar leiðbeiningar og viðmið um hlutverk kennara og nemenda í vinnustofum.

Í framhaldinu verði líðan nemenda könnuð og fylgst sérstaklega með ástundun og árangri nemenda.

Laugum 31. maí 2013

Hallur Birkir Reynisson

Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir